

Starfsmannastefna Áss styrktarfélags 2008 - 2015.

Stefna félagsins er að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki, búa í haginn fyrir það þannig að hæfileikar, frumkvæði og dugnaður hvers starfsmanns fái notið sín í hvívetna. Starfsaðstæður séu á þann veg að starfsfólk njóti þeirra og því líði vel. Sameiginleg stefna allra starfsmanna er að sýna hvert öðru umhyggju, skilning og að þeir hjálpist að við að taka á málum eftir því sem við á hverju sinni.

Í því felst meðal annars:

- Að starfsmaður sé sá sem er á launaskrá Áss.
- Að félagið hafi virka starfsmannastefnu.
- Að félagið hafi virka fræðslustefnu.
- Að félagið hafi virka fjölskyldustefnu.
- Að félagið og starfsmenn þess starfi samkvæmt siðareglum sem aðilar setja sér.
- Að félagið hafi virka heilsustefnu (heilsu- og mannræktarstefna).
- Að formleg starfsmannasamtöl séu viðhöfð.
- Að starfsmenn taki virkan þátt í stefnumótunar- og skipulagsvinnu félagsins.
- Að móttaka og fræðsla nýrra starfsmanna sé skilvirk og sjálfsögð.
- Að ástunda starfsþjálfun ásamt endur- og símenntun.
- Að möguleiki sé á flutningi milli starfa.
- Að starfslok séu gerð eins auðveld og kostur er.
- Að félagið kappkosti að vanda til starfsaðstöðu og góðs umhverfis.
- Að tryggja góðan farveg fyrir upplýsingagjöf til starfsmanna.

Staðreyndir:

Í 50 ára sögu félagsins hefur það notið starfskrafta dyggra og þjónustufúsra starfsmanna með miklar hugsjónir.

Af hverju stefna í starfsmannamálum?

Það er mikilvægt að allir starfsmenn viti hver stefna félagsins er í sem flestum málaflökkum. Þannig tengjast þeir skipulagsheildinni, vita fyrir hvað félagið stendur og hvers má vænta. Þess vegna er nauðsynlegt að félagið setji sér stefnu út frá framtíðarsýn sinni og skilgreini markmið sín svo vel sem auðið er.

Framkvæmdaáætlun á að fylgja hverri stefnu til raunhæfra verka. Til að skilaboðin verði þau sömu til allra starfsmanna er nauðsynlegt að starfsmannastefnan sé sett fram með skriflegum hætti eins og hér er gert.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftar ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.